

S.E.M.
Félagsfundur haldinn mánudaginn 4.nóvember 2013.
Í salnum á 4. hæð, Sléttuvegi 3 kl 20:00

Dagskrá.

- 1. Fundur settur.**
- 2. Líkamsræktar styrkir kynntir.**
- 3. Kynning á Grensásverkefni.**
- 4. Kynning á „Gott aðgengi / Access Iceland“**
- 5. Framtíð Litla Skyggnis; sumarbústaður SEM.**
- 6. Kynning á lagabreytingum SEM.**
- 7. Hver er framtíð SEM innan ÖBÍ og hvað viljum við að SEM geri fyrir okkur.**
- 8. Framkvæmdir að Sléttuvegi 3, Jón Eiríks formaður H-SEM fór yfir stöðu mála.**
- 9. Fundi slitið.**

1. Fundur settur.

Formaður SEM setti félagsfund kl 20:00. Formaður áréttar að fundur var boðaður með meira en viku fyrirvara. Mættir eru 20 manns. Formaður stingur upp á að hann stjórni fundinum og að Jóhann Rúnar riti fundinn, og var það samþykkt.

2. Líkamsræktar styrkir kynntir.

Formaður kynnti íþrótt- og líkamsræktar styrk fyrir félagsmönnum. Félagsmenn tóku mjög vel í verkefnið og var þeim bent á að kynna sér reglur á heimasíðu www.sem.is og einnig er hægt að prenta út umsókn þar, fylla út og koma með á skrifstofu SEM.

3. Kynning á Grensásverkefni.

Jóhann og Arnar fóru á fund með mænuskaðateyminu á Grensás 15.október kl.12:15. Mænuskaðateymið á Grensás tók mjög vel í málefnið og eru öll af vilja gerð til að láta verkefnið ganga upp. Í stórum dráttum gengur verkefnið út á að vera til staðar fyrir nýlega mænuskaða og einnig vera til staðar og ræða málin hjá þeim sem koma í eftirfylgni mænuskaðateimisins. Fundarmenn tóku mjög vel í verkefnið.

4. **Kynning á „Gott aðgengi/Access Iceland“.**

Harpa Cilia Ingólfssdóttir og Aðalbjörg Guðgeirsdóttir komu á fundinn og kynntu gott aðgengi eða www.accessiceland.is "Gott aðgengi / Access Iceland" er upplýsinga- og þjónustuvefur sem byggir á 7 flokka merkjakerfi (hjólástólanotendur, göngu og handskertir, sjónskertir, heyrnaskertir, astmi og ofnæmi, þroskahömlun og lestrarörðuleikar) og skráningu á aðgengi að:

- mannvirkjum, innan- og utandyra
- náttúruperlum
- þjónustu

Fundarmenn voru mjög áhugasamir um gott málefni og ætla að nýta sér þjónustuna og segja öðrum frá flottu framtaki.

5. **Framtíð Litla Skyggis; sumarbústaður SEM.**

Samantekt og glærur kynntar af vettvangsferð í Litla Skyggni 6.okt 2013. Fundarmenn voru allir sammála að úrbóta væri þörf. Handa upprétting fór fram um hvort félagsmenn vilji yfir höfuð eiga bústað; allir sem einn réttu upp hönd og vilja eiga bústað til afnota. Stjórn SEM fær umboð fundarins að finna farsælustu lausnina og þá með nýjann bústað í huga á sama stað eða í nálægð við núverandi stað. Bergur Þorri og Guðmundur Magnússon tóku til máls og lýstu skoðunum sínum á hve frábær staðsetning Litla Skyggis væri og óskuðu þess að staðsetning héldi sér. Glærur fylgja fundargerð.

6. **Kynning á lagabreytingum SEM.**

Rúnar og Hákon kynntu breytingar á reglugerð félagsins, félagsmenn tóku vel í breytingarnar. Núverandi samþykktir fylgja fundargerð og einnig tillaga að breytingum, póstur á e-maili verður sendur til félagsmanna svo fólk geti kynnt sér þær betur fyrir aðalfund 2014.

7. **Hver er framtíð SEM innan ÖBÍ og hvað viljum við að SEM geri fyrir okkur.**

Spurningin er hvort að ÖBÍ sé orðið og stórt fyrir SEM og okkar málefni gleymast? Eigum við að draga okkur út og tala við önnur félög sem eru í svipuðum hugleiðingum? Félagsmenn tjáðu sig og umræðan varð góð.

- Guðmundur Magnússon telur að stjórn ÖBÍ eigi að hafa líkamlega fatlaðan einstakling innanborðs.
- Bergur þakkar gott viðtal Arnars í ÖBÍ blaðinu og skorar á fólk að lesa það.
- Danival vill flokkaskiptingu innan ÖBÍ þar sem SEM gæti komið sínum málum betur að.
- Bergur segir að menntun skili sér margafalt og skorar á SEM að beita sér í stuðningi til menntunar félagsmanna.

- Rúnar vill færa réttindabaráttu til aðildafélaga ÖBÍ í miklu meira mæli og vitnar í vinnufund er hann fór á hjá ÖBÍ.

8. **Framkvæmdir að Sléttuvegi. 3 Jón Eiríks formaður H-SEM fór yfir stöðu mála.**

Jón fór yfir framkvæmdir að Sléttuvegi 3 og tjáði fundarmönnum að allt væri að komast á fullt, byrjað er að rífa klæðningu af húsi, verktökum bent á að byrja ekki alls staðar í einu heldur klára hvert svæði fyrir sig, verktaki tók vel í ábendingar. Arnar Geir spurði af hverju það ætti að loka svölum með gleri? Jón svarar að viðhaldaskostnaður í framtíðinni verði minni og minni möguleiki á vatnsskemdum hljótist. Að öðru leiti eru framkvæmdir í góðum farvegi og verklok eru fyrirhuguð í apríl 2014.

9. **Fundi slitið.**

Formaður þakkaði góða mætingu og góðan fund.

Formaður sleit fundi kl. 22:17